



Íbúaráð Reykjavíkurborgar

Niðurstöður í Hverfið mitt - íbúaráð Breiðholts

Kosning í verkefninu Hverfið mitt 2021 fór fram frá 30. september og lauk þann 14. október á hádegi. Ánægjulegt er að sjá að met voru slegin í kosningabátttöku í öllum hverfum Reykjavíkurborgar og eykst þátttakan frá ári til árs. Kosningabátttakan var 16,4% í allri Reykjavík og í Breiðholti var þátttakan 13,2%.

Hér má sjá þau verkefni sem voru kosin til framkvæmda í Breiðholti. Þetta bréf er sent til upplýsinga um þær tillögur sem hlutu kosningu og síðan er stefnt að því að kynna verkhönnun verkefna fyrir íbúaráði snemma árs 2022.

- Jólaljós í tré milli Efra- og Neðra Breiðholts
- Nýjar ruslatunnur í hverfið
- Bætt lýsing á völdum stöðum í hverfinu
- Jólaljós við Seljatjörn
- Ærslabelgur í Seljahverfi
- Gróðursetja fleiri tré á völdum stöðum í Breiðholti
- Fleiri bekki í hverfið
- Þrekstigi úr Neðra-Breiðholti upp í Efra-Breiðholt
- Trampólíngarður
- Ærslabelgur í Efra-Breiðholti
- Trjá- og gróðursöfn víðsvegar um hverfið
- Áningarstaður í Elliðaárdal
- Vatnspóstar á valda staði í hverfinu
- Fegra umhverfi í Bakkahverfi og Stekkjahverfi
- Ærslabelgur í Neðra-Breiðholti

- Útiborðtennisborð

Bestu kveðjur

Eiríkur Búi Halldórsson